

5. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Edda Rún Aradóttir; Heiðdís Björk Gunnarsdóttir

5

Lýsing

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Nemendur geti þróað með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Að nemendur auki skilning sinn, kunnáttu og færni í stærðfræði og hún nýtist þeim í daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í flóknari aðgerðum í samlagningu, frádrætti, margföldun, deildingu og námundun.
- Að nemendur vinni með heilar tölur, tölfræði, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun, deilingu og mynstur.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stika 1a og 1b. Námsöpp og leikir. Spil. Ljósrit og verkefni frá kennurum.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Innlagnir frá kennurum.
- Einstaklingsvinna, dæmi reiknuð samkvæmt áætlun.
- Leikið með stærðfræði í gegnum öpp, spil og leik að læra.
- Verklegar æfingar.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Hæfniviðmið metin jafnóðum og staða hæfni skráð í mentor að lokinni hverri lotu. Ástundum og virkni í kennslustundum.

GF stærðfræði 5. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

GF stærðfræði 5. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.

GF stærðfræði 5. bekkur

- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýrahversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.